

myndi verða að hugsa um peningana, sem sæti hjá stórrí peningahrúgu, og væri að leika sér að peningu þum. Því myndi finnast það gera svo lítið til, þótt einhver peningurinn týndist. Það hefði nóg samt eftir. Eins hættir ykkur til að hugsa um tímann ykkar. Það gerir lítið til, hvernig þið farið með hann. Þið hafið nægan tíma samt.

En tíminn ykkar er dýrmætur. Hann er miklu meira virði en gull. Og þið hafið aldrei of mikið af honum.

Þið hafið heyrta á ensku talað um *to kill time*. Hefur ykkur fundist það ljótt, þegar einhver hefur sagst vera að gera það? En sá, sem gerir það, þykist hafa of mikinn tíma og veit ekki hvernig hann á að fara með hann. Það er ljótt að fara illa með tímann sinn, börn.

Ykkur þætti vænt um að fá gull-úr. Þið mynduð vilja fara ósköp vel með það. Ykkur væri ekki sama, hvar það lægi. Þið fleygðuð því ekki. Og ef þið sæjuð börn fara illa með fallegt úr, þá mynduð þið segja: „Þetta eru heimsk börn!“

Tíminn ykkar er nú miklu meira virði en fallegasta úr. Og ef þið eigið úr, þá er það einlægt að minna ykkur á það. Þið horfið á úrið, á vísirana; sem alt af eru að færa sig. Og úrið segir þá við ykkur: „Munið eftir tímanum ykkar!“ Þið látið úrið upp að eyranu á ykkur og heyríð það segja: „tik-tik-tik!“ Og þá er það að segja við ykkur: „Munið eftir tímanum ykkar. Hann er að fara frá ykkur. Munið að fara vel með hann.“

Já, guð vill þetta, börn. Hann hefur gefið ykkur tímann ykkar. En hann hefur ekki gefið ykkur of mikinn tíma — ekki neinn tíma, til þess að fara illa með. Alt, sem hann gefur okkur — þá tímann líka —, það gefur hann okkur, til þess að við fórum vel með það.

Munið þá að nota tímann ykkar sem gjöf frá guði. Lærið að fara vel með hann. Biðjið guð að kenna ykkur að nota hann vel.

Kær kveðja.

Frá 13 ára gamalli stúlkú í stóru íslenzku nýlendunni, sem hefur verið að myndast í Norðvestur-landinu, hefur „Börnumum“ borist þessi kveðja:

„Kæra heilsan, blaðið „Börnin“! Eg tók á móti þér á að-sangadag jóla, og leit strax á þig sem ókunnan, nýkominn gest hingað í húsið til okkar. Eg byrjaði fljóttlega að lesa þig, og mér leist vel á þig. Systkinin mínn komu þá til mínn, og eg las þig strax frá upphafi til enda fyrir mig og þau, og töludum við